

fögur og tignarleg sem fornaldarmusteri. Einn þessara steinrunnu stofna er 60 feta langur og 6 fet í þvermál, algjörlega ummyndaður orðinn í krystall.

Þessi stórskori lystigarður hefir auðsjáanlega myndast í áköfum eldsumbrotum. Hann er umkringdur af himingnæfandi útslokknum eldfjöllum, og er að eins á tvo vegu hægt að komast inn í hann, n.l. frá Idaho og Montana.

Í garðinum eru 6000 heitar laugar og hverar, og er meðal hiti þeirra frá 165—170 stig. — Helztar þeirra eru Mammoth kalklaugarnar við Gardiner ána og laugarnar við efri Firehole-ána, sem eru milli 30 og 40 mílur sunnar. Laugar þessar eru sumar silfurtærar, aðrar eru aftur þykkar af hraunleðju. Á meðal þeirra eru sjóðandi geysar, sem þyrta vatns-strókum 250 fet í loft upp, og eru drunur þeirra, meðan á því stendur, voðalegar; enda gjörir bergmál fjallanna þær enn tröllslegri. Gamli Tryggur (Old Faithful) gýs á hverjum klukkutíma 160 fet í loft upp, og er hann sannnefnd stundaklukkan hamrabúa. „Mikli geysir“ (Grand Geyser) sendir 25 feta breiðan, sjóðandi heitan vatns-strók 200 fet upp, og hvíslast hann þar og fellur niður í skálina aftur með óteljandi litum.

Yellowstone áin hefir upptök sín í Absaroka fjöllum og rennur gegnum Yellowstone vatnið, liðast á tíu mílna svæði straumhæg og spegilfögur í kringum ótal skógi vaxnar eyjar og hólma, þangað til allt í einu að hún fleygist hvítfyssandi ofan í gljúfur, lukt 600 til 1200 feta háu standbergi beggja vegna.

Mörg er þar fleiri kynstrin að líta, því þetta er að eins stutt og ónákvæm lýsing sumra hinna undraverðu og tignarlegu smíða náttúrunnar í Yellowstone Park.

AÐAL markmið allrar sannrar menntunar er, að gjöra sálina fegri, lyfta andanum á göfugra stig, og gjöra líf mannsins farsælt. Skoðum vér þetta sem aðalstefnu vísindanna, þá er engin grein þeirra fullkomnari til þess en einmitt stjörnufræðin. Engin önnur vísindagrein hrífur jafn ríkt hugsjónaaflið og aðskilur manninn fljótara frá öllu því dýrslega í manneðlinu, og hefur hann yfir allt hið ljóta og vonða, en hvetur hann til að skoða að eins það eitt, sem fagurt er og gott. [Edward Everett].